

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögu að deiliskipulagi.

Deiliskipulag miðbæjar Kópavogs. Reitir B1-1, B4, B2 og B1-3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Kópavogs samþykkt þann 14. desember 2021 deiliskipulag fyrir miðbæ Kópavogs, Hamraborg, Fannborgarreit og Traðarreit vestur. Nánar til tekið fyrir svæði sem afmarkast af Vallartröð til austurs, Digranesvegi til suðurs, Fannborg 8 til vesturs og Hamraborg 10-38 til norðurs (reitir merktir B1, B2 og B4 í rammahluta aðalskipulags Kópavogs 2012-2024). Stærð skipulagssvæðisins alls er um 4,3 ha að flatarmáli.

Á Fannborgarreit (reit B1-1) standa nú þrjár byggingar fyrir atvinnuhúsnæði á 3 og 4 hæðum alls um 5.300 m² sem byggðar voru á árunum 1973-1979.

Í breytingunni felst að þessar byggingar víki fyrir nýrri byggð á 1-7 hæðum með stöku byggingum sem eru 8 og 12 hæðir, með allt að 270 íbúðum ásamt verslunar- og þjónustuhúsnæði. Áætlað heildarbyggingarmagn ofanjarðar verður um 18.000 m² að samanlögðum gólfleti þar af 2.000 m² fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði. Miðað er við 1 bílastæði fyrir hverja íbúð og 1 bílastæði fyrir hverja 100 m² verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Þá er heimild fyrir allt að 200 bílastæðum fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði og aðliggjandi byggð í bílakjallara. Lágmarksfjöldi reiðhjólstæða á reitnum er 2 reiðhjólstæði fyrir hverja íbúð og 1 reiðhjólstæði fyrir hverja 100 m² verslunar- og þjónustuhúsnæðis.

Á traðarreit vestur (reit B4) standa nú 8 byggingar á 1 og 2 hæðum með samtals 13 íbúðum, þar af 2 atvinnuhúsnæði alls um 3.000 m², sem byggðar voru á árunum 1952-1958.

Í breytingunni felst að þessar byggingar víki fyrir nýrri byggð á 1-7 hæðum fyrir allt að 280 íbúðir auk verslunar- og þjónustuhúsnæðis alls um 22.000 m² að samanlögðum gólfleti ofanjarðar, þar af 1.000 m² fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði. Gert er ráð fyrir 1,25 bílastæðum fyrir hverja íbúð og 1 bílastæði fyrir hverja 75 m² verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Þá er heimild fyrir allt að 200 bílastæðum fyrir verslunar- og þjónustuhúsnæði og aðliggjandi byggð í bílakjallara. Lágmarksfjöldi reiðhjólstæða á reitnum er 2 reiðhjólstæði fyrir hverja íbúð og 1 reiðhjólstæði fyrir hverja 75 m² verslunar- og þjónustuhúsnæðis.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 16. desember 2021.

Auður D. Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2021